

Hollvinasamtök Bifrastar  
Aðalfundur 15.apríl 2026  
Borgartún 18, kl.17:00

**Mættir:**

**Stjórn:** Gissur Pétursson, stjórnarformaður HSB, Anna Ólöf Kristjánsdóttir aðalfulltrúi í stjórn HSB, og Hallur Jónasson varamaður í stjórn HSB.

**Fulltrúi í stjórn háskólans á Bifröst:** Ársæll Harðarson

**Fundarstjóri:** Egill Heiðar Gíslason

**Aðrir fundarmenn:** Hrafnhildur Sigrún, Gunnar Pétur, Úlfhildur Tinna, Embla Líf Hallsdóttir, Brynjar Þór Þorsteinsson, Jóna Dóra Ásgeirsdóttir, Elín Eva Lúðvíksdóttir, Jónas Guðmundsson, Haraldur Daði Ragnarsson, Guðríður Leifsdóttir, Kristín Finndís Jónsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Helga Kristín Biering Auðunsdóttir, Þórdís Sigurðardóttir og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, rektor Háskólans á Bifröst.

**Setning fundar:**

Gissur Pétursson, formaður, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Egill Heiðar Gíslason var kjörinn fundarstjóri og Líska Gunnardóttir fundarritari.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og staðfesti að fundurinn væri löglega boðaður og fór yfir dagskrá fundar.

**1. Inntaka nýrra félaga.**

Engar tillögur bárust um inntöku nýrra félaga. Fram kom að skráning nýrra félaga hefur ekki verið virk og félagatal liggur ekki fyrir.

**2. Skýrsla stjórnar HSB.**

Formaður gerði grein fyrir starfsemi samtakanna frá síðasta aðalfundi.

Fram kom að starfsemi hafi verið takmörkuð og að einn stjórnarfundur hafi verið haldinn á tímabilinu.

Einnig var fjallað um Hollvinasjóð samtakanna og lögð fram hugmynd um að leggja sjóðinn niður og ráðstafa fjármunum hans til varðveislu eigna skólans.

Ákveðið var að taka málið til frekari umræðu undir liðnum „Önnur mál“.

**3. Skýrsla fulltrúa HSB í stjórn Háskólans á Bifröst.**

Fulltrúi HSB í stjórn Háskólans á Bifröst gerði grein fyrir starfi stjórnar á liðnu tímabili.

Fram kom að tímabilið hafi ekki verið án áskorana og að mikið álag hafi verið á stjórn og starfsfólk háskólans. Farið var yfir helstu verkefni og áskoranir, m.a. varðandi fjárhagsstöðu, rekstur skólans, samstarf við stjórnvöld og málefni tengd háskólasvæðinu á Bifröst.

Umræður urðu um skýrsluna og svaraði fulltrúi fyrirspurnum fundarmanna. Formaður þakkaði Ársæli Harðarsyni fyrir hans störf í stjórn háskólans.

Skýrslan var borin undir atkvæði og samþykkt.

#### **4. Reikningar HSB lagðir fram til samþykktar.**

Formaður gerði grein fyrir fjárhagsstöðu samtakanna.

Fram kom að enga tekjur eða gjöld hafi verið á tímabilinu og að ekki lægi fyrir formlegur ársreikningur.

Upplýst var að samtökin eiga bankareikning í Arion banka sem er í vörslu háskólans á Bifröst.

#### **5. Lagabreytingar:**

Rætt var um breytingar á lögum samtakanna og hugmyndum þar að lútandi. Formaður greindi frá því að hann mundi undir liðnum önnur mál leggja fram tillögu um heildar endurskoðun á lögum HSB sem væri orðið tímabært að hrinda í framkvæmd.

#### **6. Ákvörðun félagsgjalds**

Umræður urðu um félagsgjöld samtakanna.

Fram kom að ekki væri unnt að innheimta félagsgjöld án skýrs samþykkis félagsmanna með tilliti til persónuverndarsjónarmiða, þar sem ekki er unnt að innheimta nema fólk hafi sannanlega sjálft skráð sig í samtökin.

Engin tillaga var lögð fram um félagsgjöld.

#### **7. Kosning stjórnar, skoðunarmanna reikninga og nefnda.**

Fundarstjóri las upp 8. og 9. gr. laga félagsins, um skipan stjórnar.

Lögð var fram tillaga um skipan stjórnar.

Tillagan var svohljóðandi:

- Aðalmenn: Anna Ólöf Kristjánsdóttir, Erla Björg Eyjólfsdóttir og Jónas Guðmundsson
- Varamenn: Hallur Jónasson og Þórdís Sif Sigurðardóttir

Engar aðrar tillögur bárust og var tillagan samþykkt samhljóða.

Skoðunarmenna reikninga:

Lögð var fram tillaga um eftirtalda:

- Sævar Þór Sigurgeirsson
- Bergþór Guðmundsson

- Brynjar Þór Þorsteinsson [varamaður]

Engar aðrar tillögur bárust og var tillagan samþykkt samhljóða.

### **8. Kosning fulltrúa í stjórn Háskólans á Bifröst**

Fundarstjóri fór yfir stöðu kjörtímabils sitjandi fulltrúa.

Umræður urðu um túlkun á kjörtímabili og hvort efna ætti til kosningar á fundinum. Verulega skiptar skoðanir voru meðal fundarmanna.

Fundarstjóri taldi ekki forsendur til að taka upp kosningu á grundvelli fyrri ákvarðana.

Gert var hlé á fundi til að fara yfir þá stöðu sem upp var komin. Ekki náðist samstaða um málið. Rektor lagði til að gert yrði hlé á fundinum til mánudagsins 20. apríl meðan leitað væri áhlits lögfræðings um stöðu málsins. Var það samþykkt.

### **9. Önnur mál.**

Engin önnur mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

*Hlé var gert á aðalfundi. Fundarstjóri lagði til að fundi yrði frestað til 20. apríl 2026 kl. 17:00 í Borgartúni 18 og þau mál sem liggja fyrir undir þessum lið yrðu tekin fyrir á framhaldsfundi. Fundarboð verður sent út með sama hætti og áður.*

**Fundi frestað kl. 19:25.**

*Ópiu Heiður Gíslason*  
*NKAG.*